



**Kvika - Fjarskiptainnviðir hs.
Útgefandalýsing
7. nóvember 2022**

Umsjónaraðili með gerð lýsingar

Kvika banki hf.



Efnisyfirlit

1	Áhættuþættir	4
1.1	Mótaðilaáhætta	4
1.2	Áhætta tengd almennu efnahagsumhverfi	4
1.3	Rekstraráhætta	5
2	Upplýsingar um útgefandann	8
2.1	Almennar upplýsingar um útgefanda	8
2.2	Útgáfa hlutdeildarskírteina	8
2.3	Fjárfestingarstefna, markmið sjóðsins og hlutfallslega skipting fjárfestinga	9
2.4	Helstu fjárfestingar útgefanda	9
2.5	Lagalegt umhverfi útgefanda.....	9
2.6	Dómsmál og gerðardómsmál.....	10
2.7	Fjárhagsstaða, rekstrarafkoma og mat á eignum	10
2.8	Ráðstöfun greiðslna.....	11
2.9	Breytingar á reglum sjóðsins	12
2.10	Innlausn hlutdeildarskírteina	12
2.11	Samruni og slit sjóðsins.....	12
2.12	Reglubundin upplýsingagjöf	12
2.13	Stjórnarhættir, stjórn og framkvæmdastjórn.....	12
2.14	Lántaki og mótaðili lánveitinga útgefanda	12
3	Upplýsingar um rekstraraðilann	14
3.1	Almennar upplýsingar um rekstraraðila	14
3.2	Stjórn og framkvæmdastjórn rekstraraðila	14
3.3	Stjórnarhættir.....	16
3.4	Umsýsluþóknun rekstraraðila	16
3.5	Lagalegt umhverfi rekstraraðila	17
3.6	Nánari upplýsingar	17
4	Upplýsingar um vörsluaðila	18
4.1	Almennt um vörsluaðila útgefanda	18
4.2	Hlutverk vörsluaðila	18
5	Tilkynning til fjárfesta.....	20
5.1	Skjöl til sýnis	21
5.2	Skjöl felld inn með tilvísun	21
5.3	Upplýsingar frá þriðja aðila.....	21
5.4	Umsjónaraðili útgáfunnar og töku skuldabréfanna til viðskipta.....	21
5.5	Hugsanlegir hagsmunaárekstrar	22
5.6	Endurskoðendur útgefanda, rekstraraðila og vörsluaðila	22

5.7	Staðfesting af hálfu Fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands	22
5.8	Yfirlýsing ábyrgðaraðila útgefandalýsingar fyrir hönd útgefanda	23

1 Áhættuþættir

Kvika - Fjarskiptainnviðir hs., kt. 570521-9930, Katrínartúni 2, 105 Reykjavík, (hér eftir „Kvika Fjarskiptainnviðir“, „útgefandi“, „sjóðurinn“) er sérhæfur sjóður um sameiginlega fjárfestingu samkvæmt 5. tl. 17. gr. laga nr. 45/2020 sem eingöngu er markaðsettur fyrir fagfjárfesta. Sjóðurinn er rekinn af Kviku eignastýringu hf., kt. 520506-1010, Katrínartúni 2, 105 Reykjavík (hér eftir „Kvika eignastýring“ eða „rekstraraðili“).

Útgefandi var stofnaður sérstaklega til að fjárfesta í lánssamningum við félög sem tengjast kaup- og endurleigu á óvirkum farsímainnviðum Sýnar hf. og Nova hf. Auk þess hefur sjóðurinn heimild til þess að fjárfesta í innlánnum fjármálafyrirtækja og eiga reiðufé.

Áhættuþættir sem hér á eftir er lýst eru þeir sem útgefanda er kunnugt um og telur að geti haft áhrif á getu sjóðsins til að uppfylla skuldbindingar sínar gagnvart fjárfestum vegna skuldabréfanna sem bera auðkennið KFI 21 1 eins og þau eru skilgreind í útgefandalýsingu þessari (ýmist nefnd „KFI 21 1“, „skuldabréfin“ eða „skuldabréfaflokkurinn“).

Samkvæmt bestu vitund inniheldur kafli 1. „Áhættuþættir“ í útgefandalýsingu þessari tæmandi lýsingu á þeim áhættuþáttum sem máli kunna að skipta við að meta áhættu af fjárfestingu í skuldabréfaflokknum við útgáfu á þessari útgefandalýsingu.

Áhættuþættirnir eru settir fram eftir alvarleika að mati útgefanda, að teknu tilliti til neikvæðra áhrifa á útgefandann og verðbréfin og líkanna á að þeir raungerist. Hér er eftir fremsta megni reynt að gera grein fyrir þekktum áhættuþáttum sem hafa áhrif á útgefandann svo meta megi áhættuna af skuldabréfum útgefnum af útgefanda.

Áhættuþættir þessir eru háðir óvissu og því er útgefanda ekki mögulegt að segja til um líkur á því að þeir raungerist. Möguleiki er á því að útgefandi geti ekki staðið við skuldbindingar sínar vegna annarra þátta sem ekki eru taldir áhættuþættir á grundvelli þeirra upplýsinga sem nú liggja fyrir og útgefanda er kunnugt um.

Ekki er víst að hér sé fjallað um alla áhættuþætti sem gætu haft áhrif á útgefanda í framtíðinni, því áhættuþættir sem álitnir eru óverulegir í dag gætu þróast á þann veg að þeir hefðu veruleg áhrif á útgefanda síðar. Eins gætu komið fram nýir áhættuþættir í framtíðinni sem ekki eru þekktir í dag. Sá möguleiki er því fyrir hendi að útgefandi geti ekki staðið við skuldbindingar sínar vegna annarra þátta en þeirra sem hér eru taldir upp og teljast miða við núverandi upplýsingar ekki til áhættu.

Áður en fjárfestar taka ákvörðun um að fjárfesta í skuldabréfum útgefanda eru þeir hvattir til að kynna sér vel fjárfestingarstefnu og upplýsingar um eignir útefanda í útgefandalýsingu þessari. Mikilvægt er að fjárfestar leggi sjálfstætt mat á þá áhættu sem felst í því að fjárfesta í skuldabréfum útgefanda. Fjárfestum er ráðlagt að skoða lagalega stöðu sína og þau skattalegu áhrif sem fjárfesting í skuldabréfum útgefanda kunna að hafa.

1.1 Mótaðilaáhætta

Mótaðilaáhætta fjárfesta vegna skuldabréfanna er sú að útgefandinn standi ekki við skuldbindingar sínar samkvæmt skuldabréfunum. Útgefandi skuldbindur sig til að endurgreiða skuldabréfin á gjalddaga með tekjum sínum og eignum. Ef mótaðilar Kviku Fjarskiptainnviða í viðskiptum standa ekki skil á skuldbindingum sínum gagnvart útgefanda er hætta á að sjóðinum reynist ómögulegt með að standa skil á skuldbindingum sínum samkvæmt skuldabréfunum. Standi útgefandi ekki við skuldbindingar sínar samkvæmt skilmálum skuldabréfanna getur það haft í för með sér fjárhagslegt tjón fyrir fjárfesta, þrátt fyrir þau úrræði sem fjárfestar hafa skv. skilmálum skuldabréfanna.

1.2 Áhætta tengd almennu efnahagsumhverfi

Almennir efnahagslegir þættir svo sem hagvöxtur, atvinnustig, verðbólga, og gengisskráning íslensku krónunnar, hefur áhrif á fjárhagsstöðu fyrirtækja á Íslandi, auk þess sem þróun efnahagsmála erlendis

hefur áhrif á efnahagsástand hér á landi. Margir þættir geta haft áhrif á almennar efnahagsaðstæður og vegna smæðar íslenska hagkerfisins getur það verið næmara fyrir breytingum og haft þau áhrif að almennar efnahagsaðstæður sveiflast meira en í öðrum hagkerfum.

Við dagsetningu þessarar útgefandalýsingar er helsta eign útgefanda lánssamningar. Helstu skuldbindingar sjóðsins er er skuldabréfaflokkurinn KFI 21 1, sem eru verðtryggð skuldabréf sem bera fasta vexti, útgefin af sjóðnum. Því geta almennir efnahagsþættir eins og verðbólga, vaxtastig og gengisþróun íslensku krónunnar haft áhrif á verðmæti eigna og skulda sjóðsins og getu mótaðila til þess að standa skil á skuldbindingum sínum gagnvart Kviku Fjarskiptainnviðum. Þeir þættir sem tengdir eru almennu efnahagsumhverfi, svo sem þeir sem hér að ofan eru taldir, eru utan áhrifasviðs útgefanda.

1.3 Rekstraráhætta

Daglegur rekstur hjá Kviku Fjarskiptainnviðum er umfangslíttill og er skv. rekstrarsamningi í höndum Kviku eignastýringar. Kvika Fjarskiptainnviðir hefur engan starfsmann. Áhætta í rekstri útgefanda er að miklu leyti tengd framkvæmd á fyrirliggjandi fjárfestingastefnu sjóðsins. Auk þess er til staðar áhætta vegna útvistar á starfsþáttum, auk áhættu vegna mistaka og svika, svo sem ef mistök verða hjá rekstraraðila, við mat á fjárfestingum eða að reglum útgefanda sé ekki framfylgt, t.d. ef innri ferlar og upplýsingatækni er ófullnægjandi.

1.3.1 Útvistaráhætta

Útvistaráhætta er áhætta tengd minni yfirsýn og stjórn í tengslum við útvistun verkefna útgefanda til þriðja aðila eða því að útvistuð þjónusta muni ekki vera í samræmi við gerða útvistunarsamninga. Búið er að útvista daglegum rekstri til Kviku eignastýringar, skv. rekstrarsamningi þess efnis. Vörsluaðili sjóðsins er Kvika banki hf., kt. 540502-2930, Katrínartúni 2, 105 Reykjavík, (hér eftir „Kvika banki“ eða „vörsluaðili“).

Kvika eignastýring útvistar þar að auki tilteknum verkefnum í tengslum við starfsemi sína til þriðja aðila, þ.e. Kviku banka hf. Sem rekstraraðila er Kvika eignastýringu m.a. heimilt að fela þar til bærum aðila umsjón með vörslu verðbréfa í eigu sjóðsins. Kvika eignastýring hefur m.a. gert útvistunarsamning við Kviku banka, um vörslu og umsjón verðbréfa í eigu Kviku eignastýringar. Útvistunarsamningur Kviku eignastýringar við Kviku banka felur jafnframt í sér að Kvika banki sinnir bókhalds- og uppgjörsþjónustu, launavinnslu, hlutaskrá og rafrænum skráningum, vörsluþjónustu, umsýslu og uppgjöri viðskipta, innheimtu, markaðssetningu, skýrsluskilum, regluvörslu, innri endurskoðun og rekstri upplýsingakerfa fyrir Kviku Fjarskiptainnviði. Ekki er hægt að útiloka að útgefandi kunni að verða fyrir tjóni vegna útvistar verkefna sjóðsins til þriðja aðila.

1.3.2 Stjórnunar- og starfsmannaáhætta

Stjórnunar- og starfsmannaáhætta er sú áhætta sem fólgin er í að stjórnun, skipulag og þekking innan útgefanda nægi ekki á hverjum tíma til að takast á við þau viðfangsefni sem þarf að leysa. Rekstraraðili útgefanda fer með stjórn og stýrir daglegum rekstri útgefanda og ber lögum samkvæmt að hafa getu, þekkingu og verklag sem nauðsynlegt er til að sinna starfseminni með tilhlýðilegum hætti. Sjóðstjóri útgefanda er starfsmaður rekstraraðila. Þrátt fyrir að rekstur og stjórnun útgefanda sé einföld er ekki hægt að útiloka að t.d. brotthvarf starfsmanna sem sinna verkefnum útgefanda geti haft áhrif á hann.

1.3.3 Áhætta vegna upplýsingakerfa

Bilanir í upplýsingakerfum, tölvubúnaði og tengingum, ásamt tölvuvírusum og árásum tölvuþrjóta geta haft áhrif á starfsemi útgefanda og getu til þess að birta réttar upplýsingar á réttum tíma. Útgefandi þarf að hafa aðgengi að rafrænum gögnum, sinna skýrslugjöf til stjórn og eftirlitsaðila og uppfylla kröfur sem snúa að reikningshaldi og aðgerðum gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka. Þrátt fyrir að leitast sé við að lágmarka áhættu upplýsingakerfa, sem heyrir undir tölvudeild Kviku banka, er ekki hægt að útiloka að upp komi aðstæður sem valdi útgefanda tjóni.

1.3.4 Ábyrgð á skuldbindingum sjóðsins

Sjóðurinn er rekinn í einni deild og hefur staðfestu á Íslandi. Sjóðurinn fjármagnar fjárfestingar sínar með útgáfu hlutdeildarskírteina og með útgáfu skuldabréfa sem falla undir fjárfestingarstefnu hans á hverjum tíma, sbr. 4. gr. reglna sjóðsins. Ábyrgð á greiðslu á skuldbindingum sjóðsins er fólgin í þeim eignum sem sjóðurinn á hverju sinni. Rekstraraðili, vörsluaðili eða viðskiptabanki sjóðsins bera ekki ábyrgð á skuldbindingum sjóðsins. Eigendur hlutdeildarskírteina sjóðsins og aðrir kröfuhafar hans geta eingöngu beint kröfum sínum gegn sjóðnum og eignum sem tilheyra honum. Í bókhaldi og ársreikningum rekstraraðila er eignum og skuldbindingum sjóðsins haldið aðskildum frá öðrum eignum félagsins og sjóðum á vegum þess.

1.3.5 Lagaleg- og skattaleg áhætta

Útgefandalýsing þessi er hluti af lýsingu sem birt er í tengslum við umsókn útgefanda um að skuldabréfaflokkurinn KFI 21 1 verði tekinn til viðskipta á Aðalmarkaði Nasdaq Iceland hf., kt. 681298-2829, Laugavegi 182, 105 Reykjavík (hér eftir „Nasdaq Iceland“). Aðalmarkaður Nasdaq Iceland er skipulegur markaður 56. tl. 1. mgr. 4. gr. laga nr. 115/2021, um markaði fyrir fjármálagerninga. Um útgáfu skuldabréfanna gilda íslensk lög svo sem þau voru við staðfestingu lýsingar þessarar. Skuldabréfin eru verðbréf í skilningi 63. tl. 4 gr. laga nr. 115/2021 um markaði fyrir fjármálagerninga og eru rafrænt skráð, sbr. lög nr. 7/2020 um verðbréfamíðstöðvar, uppgjör og rafræna eignaskráningu fjármálagerninga.

Að auki ber útgefanda að fylgja lögum, reglugerðum og reglum sem gilda um útgefendur verðbréfa sem tekin hafa verið til viðskipta eins og þau eru á hverjum tíma, m.a., lög nr. 20/2021 um upplýsingaskyldu útgefenda verðbréfa og flöggunarskyldu, lög nr. 60/2021 um aðgerðir gegn markaðssvikum, reglugerðir og reglur settar á grundvelli fyrrnefndra laga, svo sem reglugerð nr. 977/2021 um tilkynningar um raunveruleg eða möguleg brot á lögum um aðgerðir gegn markaðssvikum og reglur nr. 320/2022 um aðgerðir gegn markaðssvikum.

Að auki við þau lög sem varða verðbréfavíðskipti og útgáfu skuldabréfa þá er útgefandi bundinn af íslenskri skattalöggjöf eins og hún er á hverjum tíma, svo sem lögum um tekjuskatt nr. 90/2003 og lögum um stimpilgjald nr. 138/2013. Skattalöggjöf kann að breytast með neikvæðum afleiðingum fyrir fjárfesta og útgefanda á líftíma skuldabréfanna.

Breytingar á lögum og reglum, dómsúrskurðir eða stjórnvaldsákvæðanir gætu haft áhrif á virði skuldabréfanna til lengri eða skemmri tíma. Slíkar breytingar gætu leitt til taps fyrir útgefanda eða með öðrum hætti haft neikvæð áhrif á arðsemi þess eða fjárhagslega stöðu. Útgefandi getur ekki borið ábyrgð á lagabreytingum, ákvörðunum stjórnvalda eða öðrum atriðum sem kunna að eiga sér stað á líftíma skuldabréfanna eftir dagsetningu útgefandalýsingarinnar og hugsanlegum áhrifum þeirra á skilmála skuldabréfanna og virði þeirra.

Breytingar á lögum eða reglum vegna álagningar beinna og/eða óbeinna skatta hjá lögaðilum, geta haft áhrif á útgefanda.

Brot útgefanda á framangreindum lögum, reglugerðum settum á grundvelli þeirra og reglum Nasdaq Iceland og Fjármálaeftirlitsins geta haft neikvæð áhrif á fjárhag og ímynd útgefanda. Viðurlög við brotum á reglum Nasdaq Iceland fyrir útgefendur fjármálagerninga geta meðal annars falist í áminningu sem Nasdaq Iceland hefur heimild til að birta opinberlega, tímabundinni stöðvun á viðskiptum, viðurlögum í formi févítis og/eða að Nasdaq Iceland taki verðbréf útgefanda úr viðskiptum. Um viðurlög við brotum á lögum nr. 115/2021 um markaði fjármálagerninga fer eftir 9. þætti laganna og 12. gr. laga nr. 14/2020 um lýsingu verðbréfa sem boðin eru í almennu útboði eða tekin til viðskipta á skipulegum markaði.

Fjárfestar sem fjárfesta í skuldabréfum útgefanda sem hafa verið tekin til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði falla undir lög og reglur um verðbréfavíðskipti, s.s. reglur um viðskipti innherja.

Fjármáلامarkaðir eru háðir því rekstrarumhverfi sem opinber yfirvöld skapa. Umfangsmiklar breytingar á þeim lagaramma sem gildir um fjármáلامarkaði geta haft neikvæð áhrif og skapað óróa á mörkuðum.

1.3.6 Áhætta tengd reikningsskilaaðferðum

Ársreikningur Kvikú Fjarskiptainnviða eru gerður í samræmi við lög nr. 3/2006 og lög um rekstraraðila sérhæfðra sjóða nr. 45/2020. Sjóðurinn er eingöngu markaðssettur til fagfjárfesta. Kvikú eignastýring hf. er dótturfélag Kvikú banka hf. og hluti af samstæðureikningi félagsins og eru upplýsingar um afkomu og fjárhagsstöðu samstæðunnar þar. Sjóðurinn er í umsjá Kvikú eignastýringar hf. og er ekki hluti af samstæðureikningi bankans vegna eðlis starfseminnar. Gerð ársreiknings krefst þess að stjórnendur taki ákvarðanir, leggi mat á og gefi sér forsendur sem hafa áhrif á beitingu reikningsskilaaðferða og birtar fjárhæðir eigna, skulda, tekna og gjalda. Mat og undirliggjandi forsendur stjórnenda eru í stöðugri endurskoðun og eru áhrifin af breytingu á mati og forsendum færð á því tímabili sem breytingin á sér stað og á síðari tímabilum, ef breytingarnar hafa áhrif á þau.

2 Upplýsingar um útgefandann

2.1 Almennar upplýsingar um útgefanda

<i>Lögformlegt heiti/viðskiptaheiti:</i>	Kvika – Fjarskiptainniðir hs. / Kvika Fjarskiptainniðir
<i>Kennitala:</i>	570521-9930
<i>Félagaform:</i>	Hlutdeildarsjóður, sbr. IX. kafla laga nr. 45/2020 um rekstraraðila sérhæfðra sjóða
<i>Stofndagur:</i>	13. desember 2021
<i>Höfuðstöðvar og heimilisfang:</i>	Katrínartún 2, 105 Reykjavík, Ísland
<i>Vefsíða:</i>	https://www.kvikaeignastyring.is/sjodastyring/fagfjarfestasjodir/kvika-fjarskiptainniðir-hs/ ¹
<i>Símanúmer:</i>	+354 522-0010
<i>LEI númer:</i>	2549006EIN12KBWEGI84
<i>Rekstraraðili:</i>	Kvika eignastýring hf., kt. 520506-1010, Katrínartúni 2, 105 Reykjavík

Sjóðurinn heitir Kvika – Fjarskiptainniðir hs., kt. 570521-9930, og var stofnaður í desember 2021. Sjóðurinn er sérhæfður sjóður um sameiginlega fjárfestingu stofnaður samkvæmt 5. tl. 17. gr. laga nr. 45/2020 sem eingöngu er markaðsettur fyrir fagfjáfesta. Sjóðurinn er rekinn af Kviku eignastýringu hf. sem hefur starfsleyfi samkvæmt lögum nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki, til rekstrar verðbréfasjóða og starfsleyfi til rekstrar sérhæfðra sjóða, skv. lögum nr. 45/2020.

Sjóðurinn var stofnaður sérstaklega í þeim tilgangi að ávaxta þá fjármuni sjóðsins sem aflað er með sölu skuldabréfaflokksins KFI 21 1 með því að fjárfesta í lánsamningum við félögin Nova Sendastaði hf. og S8108 hf., sem tengjast kaup- og endurleigu á óvirkum farsímmainniðum Sýnar hf. og Nova hf. Gildandi reglur útgefanda voru samþykktar af stjórn og framkvæmdastjóra rekstraraðila þann 26. maí 2021. Daglegur rekstur er lítill að umsvifum og er rekstraraðili sjóðsins ábyrgur fyrir daglegum rekstri sjóðsins og kemur fram fyrir hönd hans.

Um útgefanda og rekstraraðila hans gilda reglur laga nr. 45/2020, um rekstraraðila sérhæfðra sjóða. Sjóðurinn er ekki sjálfstæður lögaðili sem lýtur eigin stjórn en hefur engu að síður sjálfstæðan fjárhag og standa aðeins eignir sjóðsins til fullnustu á skuldbindingum hans sbr. 71. og 72. gr. laga nr. 45/2020, um rekstraraðila sérhæfðra sjóða. Sjóðurinn er í umsjá Kviku eignastýringar hf. og er ekki hluti af samstæðureikningi bankans vegna eðlis starfseminnar.

Útgefanda er ekki kunnugt um neitt fyrirkomulag sem síðar geti haft í för með sér breytingar á yfirráðum útgefanda. Hins vegar er rekstraraðili sjóðsins heimilt að gera breytingar á reglum útgefanda, en slík heimild er þó háð samþykki 90% af eigendum skuldabréfa og annarra skuldaviðurkenninga útgefnum af sjóðnum, miðað við fjárhæð.

2.2 Útgáfa hlutdeildarskírteina

Hlutdeildarskírteini sjóðsins voru aðeins markaðsett til sölu fyrir fagfjáfestum, sbr. 9. tl. 2. gr. þágildandi laga nr. 108/2007, um verðbréfavíðskipti og voru seld gegn staðgreiðslu kaupverðs. Hlutdeildarskírteinishafi fær kvittun fyrir kaupum á hlutdeildarskírteinum sem skilríki fyrir eignarréttindum í sjóðnum. Rekstraraðili sjóðsins eða sá aðili sem rekstraraðili tilnefnir skal halda skrá yfir eigendur hlutdeildarskírteina í sjóðnum.

Gengi hlutdeildarskírteina var 1,0 við útgáfu fyrstu hlutdeildarskírteina sjóðsins og mun taka breytingum í takt við ávöxtun. Heildarfjöldi eininga í sjóðnum er 500.000. Sjóðurinn er lokaður og verða ekki gefin út fleiri hlutdeildarskírteini. Allir eigendur hlutdeildarskírteina í sjóðnum eiga sama rétt til tekna og eigna sjóðsins í hlutfalli við hlutdeild sína og eru hlutdeildarskírteinin staðfesting á tilkalli til eigna

¹ Upplýsingar á vefsetri eru ekki hluti lýsingar nema þær séu felldar inn með tilvísun.

sjóðsins. Stjórn rekstraraðila sjóðsins skal samþykkja veðsetningu eða framsal hlutdeildarskírteina áður en slík veðsetning eða framsal á sér stað. Kröfur á grundvelli hlutdeildarskírteina eru réttlægri en aðrar kröfur gerðar á hendur sjóðnum.

2.3 Fjárfestingarstefna, markmið sjóðsins og hlutfallslega skipting fjárfestinga

Markmið sjóðsins er að ávaxta þá fjármuni sem greiddir eru inn í sjóðinn í staðinn fyrir hlutdeildarskírteini með útgáfu skuldabréfa. Sjóðurinn fjárfestir með það að markmiði að tryggja að hann geti mætt greiðsluflæði vegna skuldabréfa sem sjóðurinn hefur gefið út. Fjárfestingar sjóðsins munu standa að baki greiðslu skuldbindinga hans og mun því greiðslugeta sjóðsins vera háð greiðslugetu mótaðila hans. Fjárfestir sjóðurinn í lánssamningum við félög sem tengjast kaup- og endurleigu á óvirkum farsímmainnviðum Sýnar hf. og Nova hf. Auk þess hefur sjóðurinn heimild til þess að fjárfesta í innlánnum fjármálagjafarækja og eiga reiðufé.

Fjárfestingar sjóðsins í öðrum eignum eru óheimilar.

Rekstraraðila er óheimilt að veðsetja eignir og tekjur sjóðsins.

2.3.1 Sundurliðun fjárfestinga

Fjárfestingar þann 31. desember 2021 skipast sem hér segir:

	Útg. af eða með ábyrgð ríkis eða svf.	Hlutdeildarskírteini	Hlutabréf	Annað	Samtals
Aðrir fjármálagerningar	0	0	0	5.452.707	5.452.707
Samtals					5.452.707
Aðrir fjármálagerningar				100,0%	100,0%
Samtals	0,0%	0,0%	0,0%	100,0%	100,0%

2.4 Helstu fjárfestingar útgefanda

Á dagsetningu þessarar lýsingar er eign útgefanda skuldabréf sem gefin voru út til að fjárfesta í lánssamningum sem tengjast kaup- og endurleigu á óvirkum farsímmainnviðum Sýnar hf. og Nova hf., þar sem félögin Nova sendastaðir hf. og S8108 hf. eru lántakar. Skuldabréfið var gefið út 13.12.2021 og var upphafleg fjárhæð 5.433.861.650 kr. Afborganir samkvæmt 30 ára jafngreiðsluferli með gjalddaga eftirstöðva á lokagjalddaga, 8 árum frá útgáfudegi. Uppgreiðsluheimild er til staðar frá og með þremur árum frá útgáfudegi gegn greiðslu 1% uppgreiðslugjalds þar til fimm ár eru frá útgáfudegi, en án uppgreiðslugjalds eftir þann tíma. Skuldabréfin eru bundin vísitölu neysliverðs til verðtryggingar á Íslandi gefin út af Hagstofu Íslands og er grunnvísitala skuldabréfanna 511,92 þann 13.12.2021. Vaxtaþrósentia er 3,05% fastir vextir.

2.5 Lagalegt umhverfi útgefanda

Sjóðurinn Kvika – Fjarskiptainnviðir hs. er sérhæfður sjóður um sameiginlega fjárfestingu stofnaður skv. 5. tl. 17. gr. laga nr. 45/2020 sem eingöngu er markaðssettur fyrir fagfjárfesta. Um reikningsskil og bókhald útgefanda gilda lög nr. 3/2006 um ársreikninga og lög nr. 145/1994 um bókhald, sjá nánar í kafla 1.4.6 „Áhætta tengd reikningsskilaaðferðum“. Kvika Fjarskiptainnviðir er ekki sjálfstæður skattaðili, en getur þó borið skattalegur skyldur, sjá kafla 2.12.1 „Skattamál“. Því gilda skattalög um félagið, svo sem lög nr. 90/2003 um tekjuskatt, lög nr. 94/1996 um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur og lög nr. 50/1988, um virðisaukaskatt og reglugerðir settar á grundvelli fyrrgreindra laga. Frá því að skuldabréf útgefanda hafa verið rafrænt skráð og tekin til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði mun félagið þurfa að fylgja lögum og reglum sem gilda um útgefendur fjármálagjafarækja sem teknir hafa verið til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði, eins og þau eru á hverjum tíma, m.a. lögum nr.

108/2007, um yfirtökur og reglugerðum settum á grundvelli laganna, reglum Fjármálaeftirlits nr. 1050/2012, um meðferð innherjaupplýsinga og viðskipti innherja.

2.6 Dómsmál og gerðardómsmál

Kvika Fjarskiptainnviðir er ekki og hefur ekki verið aðili að stjórnslu-, dóms- eða gerðardómsmálum sem kunna að hafa veruleg áhrif á fjárhagsstöðu útgefanda eða arðsemi þess undanfarna tólf mánuði. Útgefanda er enn fremur ekki kunnugt um að slík mál séu í farvatninu. Yfirlýsing þessi miðast við birtingu útgefandalýsingar þessarar.

2.7 Fjárhagsstaða, rekstrarstaða og mat á eignum

Sjóðurinn var stofnaður í desember 2021 og ná fjárhagsupplýsingar í útgefandalýsingu þessari frá stofnun sjóðsins til 30. júní 2022. Endurskoðaðan ársreikning og kannaðan árshlutareikning Kviku Fjarskiptainnviða fyrir má finna í heild sinni í kafla 5.2 „Skjöl felld inn með tilvísun“ í útgefandalýsingu þessari. Ársreikningur og árshlutareikningur Kviku Fjarskiptainnviða er gerður í samræmi við lög nr. 3/2006 um ársreikninga og lög um rekstraraðila sérhæfðra sjóða nr. 45/2020. Kvika eignastýring hf. er dótturfélag Kviku banka hf. og hluti af samstæðureikningi félagsins og eru upplýsingar um afkomu og fjárhagsstöðu samstæðunnar þar. Sjóðurinn er í umsjá Kviku eignastýringar og er ekki hluti af samstæðureikningi bankans vegna eðli starfseminnar.

Ársreikningur og árshlutareikningur útgefanda hafa verið felldir inn með tilvísun og skoðast sem órjúfanlegur hluti af útgefandalýsingunni.

Ekki hafa orðið neinar verulegar óæskilegar breytingar á framtíðarhorfum útgefanda frá dagsetningu síðustu birtu endurskoðuðu reikningsskila útgefanda.

Engar verulegar breytingar á fjárhagslegri afkomu eða fjárhagsstöðu útgefanda hafa átt sér stað frá lokum síðasta fjárhagstímabils þann 30. júní 2022 til dagsetningar þessarar lýsingar, né hafa átt sér stað atburðir sem skipta verulegu máli við mat á gjaldþoli útgefanda.

2.7.1 Rekstrarreikningur

Í eftirfarandi töflu er rekstrarreikningur Kviku Fjarskiptainnviða fyrir fjárhagsárið sem lauk 31. desember 2021.

Tafla 2-1: Rekstrarreikningur*

	Árið 2021
Vaxtatekjur	7.381
Vaxtagjöld	(19.307)
Verðbætur	11.479
Gengismunur	824
Hreinar fjármunatekjur	378
Umsýsluþóknun	(565)
Annar rekstrarkostnaður	(86)
Rekstrargjöld alls	(650)
Afkoma færð á hlutdeildarskírteini	(272)

*Fjárhæðir eru í þúsundum króna

Vaxtatekjur og vaxtagjöld eru færð í rekstrarreikninginn eftir því sem þau falla til og er miðað við aðferð virkra vaxta. Virkir vextir eru þeir vextir sem afvaxta vænt framtíðar sjóðstreymi yfir áætlaðan líftíma fjármálagernings til bókfærðs heildarvirðis fjáreignarinnar eða afskrifað kostnaðarverðs fjárskuldarinnar.

2.7.2 Efnahagsreikningur

Í eftirfarandi töflu er efnahagsreikningur Kviku Fjarskiptainnviða fyrir árið 2021.

Tafla 2-2: Efnahagsreikningur*

	2021
Eignir	
Skuldabréf	5.452.707
Fjárfestingar samtals	5.452.707
Innlán hjá fjármálafyrirtækjum	17.970
Aðrar eignir samtals	17.970
Eignir samtals	5.470.677
Skuldir	
Skuldabréfaútgáfa	5.453.168
Skammtímaskuldir	16.630
Aðrar skuldir	650
Skuldir samtals	5.470.449
Hrein eign	228
Skuldir og hrein eign samtals	5.470.677
Fjöldi útgefina hlutdeildarskírteina	500
Gengi hlutdeildarskírteina	0,46

*Fjárhæðir eru í þúsundum króna

Langtímaskuldir útgefanda er skuldabréfaflokkurinn KFI 21 1 og er verðtryggt jafngreiðslubréf með 3,05% föstum vöxtum.

2.7.3 Mat á eignum sjóðsins

Mat á eignum sjóðsins skal á hverjum tíma endurspegla raunverulegt virði þeirra að teknu tilliti til markaðsaðstæðna. Annað skal vera reiknað með eftirfarandi hætti:

Skuldabréf, innlán og lánessamningar skulu vera uppreiknaðir og samanstanda af eftirstöðvum höfuðstól, uppsöfnuðum vöxtum og verðbótum.

Virði annarra fjármálagerna skal háð mati rekstraraðila sjóðsins, undir eftirliti vörsluaðila og ytri endurskoðanda, að teknu tilliti til markaðsaðstæðna hverju sinni. Rekstraraðili getur samið við þriðja aðila um að annast framangreint mat á óskráðum eignum sjóðsins.

2.8 Ráðstöfun greiðslna

Skuldari fjármálagerna sem sjóðurinn gefur út (hlutdeildarskírteina) er sjóðurinn sjálfur. Rekstraraðili sjóðsins ber ekki ábyrgð á skuldbindingum hans.

Greiðslum til sjóðsins skal ráðstafað í eftirfarandi röð:

- Til greiðslu opinberra gjalda, s.s. stimpilgjalda og til greiðslu rekstrarkostnaðar sjóðsins, þ.m.t. umsýsluþóknun skv. 6. gr. reglna þessa.
- Í samræmi við skilmála skuldbindinga sjóðsins.
- Til greiðslu umfram endurheimta við fullnustu. Komi til þess að sjóðurinn þurfi að fullnusta þær tryggingar sem standa að baki lánessamnings, skuldbréfa eða annarra eigna sjóðsins og sú fullnusta skilar endurheimtum umfram útistandandi kröfur sjóðsins, ber honum að leitast við að greiða slíkt til kröfuhafa í hlutfalli við fjárhæð kröfu þeirra.

- d) Afgangsstærðir við slit sjóðsins. Þeir fjármunir sem eftir standa í sjóðnum þegar framantaldir liðir hafa verið greiddir og öll hlutdeildarskírteini innleyst miðað við hámarks arð, greiðast til rekstraraðila við slit sjóðsins.

2.9 Breytingar á reglum sjóðsins

Rekstraraðili sjóðsins annaðist undirbúning og stofnun sjóðsins eftir bestu vitund og í fullu samræmi við lög og reglur. Reglur sjóðsins, uppbygging sjóðsins, kynningarefni eða önnur skjöl sem gefin eru út vegna sjóðsins má undir engum kringumstæðum skoða eða túlka sem loforð um árangur í rekstri eða um ávöxtun þeirra fjármálagerna sem sjóðurinn gefur út. Fjárfesting í fjármálagerningum sem gefnir eru út vegna sjóðsins eru alfarið á ábyrgð hvers fjárfestis fyrir sig. Rekstraraðila sjóðsins er einum heimilt að gera breytingar á reglum þessum. Slík heimild er þó háð samþykki 90% af eigendum skuldabréfa og annarra skuldaviðurkenninga útgefnum af sjóðnum, miðað við fjárhæð.

2.10 Innlausn hlutdeildarskírteina

Hlutdeildarskírteini sjóðsins eru ekki innlausnarskyld að kröfu hlutdeildarskírteinishafa. Rekstraraðili hefur heimild til þess að innleysa einingar í sjóðnum hvenær sem er eftir útgáfu þeirra, að hluta eða í heild. Innlausn í slíku tilviki skal þó einungis heimil hafi sjóðurinn staðið að fullu skil á skuldbindingum sínum.

2.11 Samruni og slit sjóðsins

Rekstraraðila sjóðsins er með öllu óheimilt að sameina sjóðinn öðrum sjóðum eða lögaðilum nema með samþykki hlutdeildarskírteinishafa.

Rekstraraðili skal tilkynna hlutdeildarskírteinshöfum og Fjármálaeftirliti Seðlabanka Íslands um slit sjóðsins. Ákvörðun um slit sjóðsins er í höndum rekstraraðila.

2.12 Reglubundin upplýsingagjöf

Sjóðurinn skal veita upplýsingar um eignasafn sjóðsins í ársreikningi og hálfársuppgjöri sem skal aðgengilegt fjárfestum. Rekstraraðili skal hafa upplýsingar samkvæmt 46. gr. laga nr. 45/2020 aðgengilega fyrir fjárfesta áður en til fjárfestingar kemur og veita reglubundið upplýsingar sé ástæða til þess í samræmi við 47. gr. laga nr. 45/2020 til fjárfesta.

2.12.1 Skattamál

Sjóðurinn greiðir ekki tekjuskatt heldur er hagnaður eða tap af rekstri hans skattlagður hjá eigendum hlutdeildarskírteinanna. Einstaklingar greiða fjármagnstekjuskatt af hagnaði sínum af bréfum þegar þeir innleysa hann. Hagnaður og tap af hlutdeildarskírteinum telst til skattskyldra tekna eða gjalda hjá félögum óháð innlausn. Sjóðurinn er undanþeginn fjármagnstekjuskatti hér á landi en ekki í þeim löndum þar sem fjármagnstekjuskattur er lagður á tekjur erlendra aðila og ekki eru í gildi tvísköttunarsamningar milli Íslands og viðkomandi ríkis um að slíkar tekjur skuli skattleggjast hér á landi.

2.13 Stjórnarhættir, stjórn og framkvæmdastjórn

Í samræmi við 70. gr. laga nr. 45/2020 um rekstraraðila sérhæfðra sjóða fer rekstraraðili útgefanda með stjórn og stýrir daglegum rekstri útgefanda. Stjórn og framkvæmdastjórn er því í höndum rekstraraðila útgefanda, sjá nánar kafla 3.2 „Stjórn og framkvæmdastjórn rekstraraðila“.

2.14 Lántaki og mótaðili lánveitinga útgefanda

Í desember 2021 keypti Íslandsturnar hf. óvirka farsímainnviði félaganna Sýn hf. og Nova hf. Fjárfestingin var gerð í gegnum tvö dótturfélög, S8108 hf., kt. 430321-1450, Ármúla 6, 108 Reykjavík og Nova Sendastaði hf., kt. 660321-0390, Ármúla 6, 108 Reykjavík. (hér eftir „félögin“ eða „lántakar“). Félögin voru stofnuð árið 2021 og eru bæði rekstraraðili fjarskiptaturna um allt land. Útgefandi var stofnaður í þeim tilgangi að fjárfesta í lánsamningum við félögin S8108 hf. og Nova Sendastaði hf.

Kaupin voru fjármögnuð af útgefanda auk bankaláns frá Arion banka hf.

Lánsfjárhæð útgefanda (sem lánveitandi) við félögin (sem lántaka) var 5.433.861.650 kr. sem skiptist á eftirfarandi máta:

- S8108 hf.: 3.092.273.539 kr.
- Nova Sendastaðir hf.: 2.341.588.111 kr.

Til tryggingar skilvísri og skaðlausri greiðslu samkvæmt lánsamningunum setja lántakar að veði allt greiðsluflæði af aðalþjónustusamningum sínum (*e. Master Services Agreements*) við Sýn hf. og Nova hf. um leigu á óvirkum farsímmainnviðum. Auk þess verða bankareikningar félaganna, hvert sammingsbundnar greiðslur skulu greiðast inn á einnig veðsettir. Þá eru tekin að veði öll hlutabréf í félögunum og móðurfélagi félaganna, Íslandsturnum hf., kt. 541220-0700, auk lausafjárveðs yfir öllu lausafé í eigu félaganna (óvirkum farsímmainnviðum félaganna) og váttryggingabótum sem félögin kunna að eiga rétt til. Einnig er tekið veð í öllum kröfum innan samstæðu félaganna og móðurfélags þeirra, auk veðs í öðrum kröfum félaganna heldur en samkvæmt aðalþjónustusamning. Framangreindar tryggingar eru allar með 1. veðrétti, samhliða Arion banka hf., sem einnig gerir lánsamninga við lántaka, samtals að fjárhæð kr. 2.500.000.000, með samsvarandi skilmálum og skv. lánsamningunum. Útgefandi og Arion banki hf. gerðu með sér veðhafa- og kröfuhafasamninga (*e. Security Sharing and Intercreditor Agreements*) vegna þessa þar sem útgefandi tekst m.a. á hendur hlutverk veðgæsluáðili trygginga.

3 Upplýsingar um rekstraraðilann

3.1 Almennar upplýsingar um rekstraraðila

<i>Lögformlegt heiti:</i>	Kvika eignastýring hf.
<i>Kennitala:</i>	520506-1010
<i>Höfuðstöðvar og heimilisfang:</i>	Katrínartúni 2, 105 Reykjavík
<i>Félagaform:</i>	Skráð hlutafélag í samræmi við lög nr. 2/1995 um hlutafélög
<i>Stofndagur:</i>	5. maí 2006
<i>Vefsíða:</i>	https://www.kvikaeignastyring.is/
<i>Símanúmer</i>	+354 522-0010
<i>LEI númer:</i>	254900KDKDGN7PYWIFY76

Kvika eignastýring á 100% útgefinna hlutadeildarskírteina í Kviku – Fjarskiptainnviðum hs. Kvika eignastýring er skaðlaus af útgáfu skuldabréfanna og ber ekki ábyrgð á vanefndum á greiðslu afborgunar höfuðstóls, vaxta, verðbóta, innheimtukostnaðar eða hvaða greiðslum sem er vegna skuldabréfanna.

Kvika eignastýring hf., kt. 520506-1010, Katrínartúni 2, 105 Reykjavík, er rekstraraðili sjóðsins. Kvika eignastýring hf. er fjármálafyrirtæki sem starfar á grundvelli starfsleyfa frá Fjármálaeftirlitinu sem rekstrarfélag verðbréfasjóða samkvæmt heimild í lögum nr. 128/2011, um verðbréfasjóði og sem rekstraraðili sérhæfðra sjóða samkvæmt heimild í lögum nr. 45/2020, um rekstraraðila sérhæfðra sjóða.

Tilgangur Kviku eignastýringar er að starfa sem rekstrarfélag verðbréfasjóða og sérhæfðra sjóða fyrir almenna fjárfesta og annarra sérhæfðra sjóða, samkvæmt lögum nr. 116/2021, um verðbréfasjóði og lögum nr. 45/2020, um rekstraraðila sérhæfðar sjóða. Skal félaginu heimilt að stunda hverja þá starfsemi sem rekstrarfélögum er heimil samkvæmt lögum og starfsleyfi félagsins. Félaginu er heimilt að ná tilgangi sínum með stofnun og rekstri deilda innan félagsins eða dótturfélaga.

Rekstraraðili útgefanda er ábyrgur fyrir daglegum rekstri sjóðsins og kemur fram fyrir hönd hans. Rekstraraðila er heimilt að samþykkja fyrir hönd sjóðsins alla samninga og önnur skjöl sem sjóðurinn er aðili að, en við slíkar aðstæður verður rekstraraðili ekki sjálfur skuldbundinn gagnvart gagnaðila slíks samnings eða annarra skjala eða viðtakanda slíkra skjala eða vottorða. Starfsmenn rekstraraðila eru 35 talsins. Eignir í stýringu félagsins nema 448 ma.kr. og fjöldi sjóða í rekstri eru 56 talsins.²

3.1.1 Útvistun til þriðja aðila

Kvika eignastýring hefur gert útvistunarsamning við Kviku banka í tengslum við starfsemi sína. Í útvistunarsamningi Kviku eignastýringar við Kviku banka eru m.a. eftirfarandi atriði:

- Kvika banki sér um regluvörslu Kviku eignastýringar. Regluvörður Kviku banka er Erna Heiðrún Jónsdóttir lögmaður og starfsmaður Kviku banka. Erna er jafnframt regluvörður Kviku eignastýringar og annarra sjóða í rekstri Kviku eignastýringar. Staðgengill regluvarðar er Jóhanna Katrín Magnúsdóttir starfsmaður Kviku banka.
- Kvika banki sinnir innri endurskoðun Kviku eignastýringar.
- Kvika eignastýring hefur útvistað vörslu sjóða, uppgjörsþjónustu og sjóðaumsýslu til Kviku banka hf. Kvika banki gegnir þessu hlutverki fyrir útgefanda og sér um bókhald félagsins.
- Kvika eignastýring hefur falið Kviku banka að sjá um bókhald Kviku eignastýringar.
- Kvika eignastýring útvistar rekstri tölvukerfa og upplýsingakerfa til Kviku banka.

3.2 Stjórn og framkvæmdastjórn rekstraraðila

Í stjórn rekstraraðila útgefanda sitja þrír aðalmenn og tveir varamenn, kosnir á aðalfundi til eins árs í senn.

² Tölulegar upplýsingar m.v. 30.06.2022, upplýsingar fengnar af heimasíðu rekstraraðila

Stjórnin hefur æðsta vald í málefnum félagsins milli hluthafafunda.

Eftirfarandi einstaklingar eiga sæti í stjórn rekstraraðila:

Formaður stjórnar

<i>Nafn:</i>	Hrönn Sveinsdóttir
<i>Fæðingarár:</i>	1967
<i>Fyrst kjörin:</i>	Árið 2021
<i>Starfsreynsla og menntun:</i>	Hrönn er sjálfstætt starfandi sem stofnandi, meðeigandi og stjórnarmaður í Smart finance ehf. og meðeigandi í Íslandskrónu ehf. Hrönn hefur hátt í 30 ára stjórnunarreynslu þar sem hún gegndi starfi framkvæmdastjóra fjármála- og rekstrarsviðs hjá Sýn hf. á árunum 2005 – 2019. Þar áður gegndi hún sama starfi hjá P. Samúelssyni sem framkvæmdastjóri fjármálasviðs frá 1992-2005 ásamt því að bera ábyrgð á mannauðsstjórnun félagsins. Hrönn hefur setið í stjórnnum fjölmargra félaga nú síðast sem aðalmaður í stjórn Kviku banka 2017 - 2021 þar sem hún sat einnig í endurskoðunarnefnd og sem formaður starfsárið 2020-2021. Hrönn lauk Cand. Oecon próf í viðskiptafræði af endurskoðunarsviði frá Háskóla Íslands árið 1992.
<i>Starfsstöð:</i>	Borgartún 25, 205 Reykjavík
<i>Hagsmunir:</i>	Hrönn Sveinsdóttir er sjálfstætt starfandi sem stofnandi, meðeigandi og stjórnarmaður í Smart Finance ehf. en það félag sér um fjármál Íslandsturna hf., þó hefur Smart Finance engin völd í ákvarðanatöku fjármála Íslandsturna, ákvarðanatöku liggur hjá framkvæmdastjóra Íslandsturna.

Varaformaður stjórnar

<i>Nafn:</i>	Óttar Már Ingason
<i>Fæðingarár:</i>	1971
<i>Fyrst kjörinn:</i>	Árið 2009
<i>Starfsreynsla og menntun:</i>	Óttar starfar sem rekstrarstjóri Newfoundland Resources (NRL) í Kanada. Óttar er vélfræðingur og lauk B.Sc. honour gráðu í sjávarútvegsfræðum frá Háskólanum á Akureyri. Óttar hefur jafnframt lokið prófi til löggildingar fasteigna- og skipasala og hefur lokið prófi í verðbréfavíðskiptum.
<i>Starfsstöð:</i>	Flögusíða 8, 603 Akureyri
<i>Hagsmunir:</i>	Hann hefur engin hagsmunatengsl við viðskiptaaðila, samkeppnisaðila eða hluthafa sem eiga meira en 10% hlut í félaginu.

Stjórnarmaður

<i>Nafn:</i>	Andri Vilhjálmur Sigurðsson
<i>Fæðingarár:</i>	1972
<i>Fyrst kjörinn:</i>	Árið 2020
<i>Starfsreynsla og menntun:</i>	Andri er lögmaður og eigandi að Lögmönnum Lækjargötu. Andri hefur starfað sem lögfræðingur í fjármálafyrirtækjum hér á landi og erlendis í fjölda ára. Andri hefur setið í stjórnnum sjóða og rekstrarfélaga sjóða hér á landi og erlendis frá árinu 2002. Hann lauk prófi frá Lagadeild Háskóla Íslands árið 1998.
<i>Starfsstöð:</i>	Laugavegur 21, 101 Reykjavík
<i>Hagsmunir:</i>	Hann hefur engin hagsmunatengsl við viðskiptaaðila, samkeppnisaðila eða hluthafa sem eiga meira en 10% hlut í félaginu.

Varamenn stjórnar

Varamenn stjórnar eru þau Andrea Olsen, lögmaður hjá Frigus ehf. og Ólafur Páll Vignisson, lögmaður á Lögfræðistofu Reykjavíkur

Framkvæmdastjóri

<i>Nafn:</i>	Hannes Frímann Hrólfsson
<i>Fæðingarár:</i>	1976
<i>Starfsreynsla og menntun:</i>	Hannes tók við starfi framkvæmdastjóra Kvikú eignastýringar í september 2019. Hann hefur lokið Cand.oecon gráðu í viðskiptafræði frá Háskóla Íslands. Hann hefur starfað á fjármálamarkaði í yfir 20 ár, m.a. sem framkvæmdastjóri eignastýringar Kvikú banka hf., forstjóri Virðingar hf. og sem framkvæmdastjóri Auðar Capital og er einn stofnenda Tinda verðbréfa og aðstoðarframkvæmdastjóri fjárfestingar og markaðsviðskipta hjá Arion banka og Kaupþingi. Samkvæmt samþykktum KES fer framkvæmdastjóri með stjórn á daglegum rekstri félagsins og kemur fram fyrir hönd félagsins í öllum málum sem varða venjulegan rekstur. Framkvæmdastjóri ber ábyrgð á reikningshaldi, ráðningu starfsmanna og að starfsemi félagsins sé í samræmi við viðeigandi lög. Framkvæmdastjóra ber að veita stjórnarmönnum og endurskoðendum allar þær upplýsingar sem þeir kunna að óska um rekstur félagsins og veita ber samkvæmt lögum.
<i>Starfsstöð:</i>	Katrínartún 2, 105 Reykjavík
<i>Hagsmunir:</i>	Hannes á áskriftarréttindi í Kvikú banka.

Engir aðrir hugsanlegir hagsmunaárekstrar eru á milli skyldustarfa ofangreindra stjórnarmanna og stjórnenda útgefanda og persónulegra hagsmuna þeirra og/eða annarra skyldustarfa.

3.3 Stjórnarhættir

Kvikú eignastýring hf. fylgir viðurkenndum leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja. Kvikú eignastýring hagar stjórnarháttum sínum í öllum meginatriðum í samræmi við 6. útgáfu leiðbeininga um stjórnarhætti fyrirtækja sem gefnar voru út af Viðskiptaráði Íslands, Nasdaq OMX Iceland hf. og Samtökum atvinnulífsins í febrúar 2021 og tóku gildi 1. júlí. Leiðbeiningarnar eru aðgengilegar á vefsíðu Viðskiptaráðs Íslands www.vi.is. Kvikú eignastýring fylgir jafnframt í starfsemi sinni viðurkenndum viðmiðum og reglum evrópsku bankaeftirlitsstofnunarinnar (EBA) um innri stjórnarhætti fjármálafyrirtækja.

Kvikú eignastýring útvistar ýmsu sem snýr að stjórnarháttum til Kvikú banka hf., eins og regluvörslu og innri endurskoðun. Sjá nánar umfjöllun í kafla 3.1.1 „Útvistun til þriðja aðila“. Ákveðin frávik eru frá leiðbeiningum að því er varðar boðun aðalfundar, sem boðaður er með tveggja vikna fyrirvara, en ekki tveimur mánuðum fyrir lok reikningsársins. Jafnframt hefur stjórn ekki sett skriflegar reglur um siðferði og samfélagslega ábyrgð félagsins. Auk þess er ekki starfrækt starfskjaranefnd né tilnefningarnefnd í félaginu. Nánari upplýsingar um stjórnarhætti Kvikú eignastýringar má finna í Stjórnarháttaryfirlýsingu rekstraraðila sem er aðgengileg á slóðinni: https://www.kvikaeygnastyring.is/asset/3898/2021_12-01_yfirlýsing-um-stjornarhaetti-fyrir-arsreikning-2021.pdf

3.4 Umsýsluþóknun rekstraraðila

Rekstraraðili á rétt á þóknun fyrir að annast daglegan rekstur sjóðsins sem og vörsluaðili fyrir að hafa með höndum umsýslu með reikningshaldi og vörslu fjármálagerninga hans.

Föst umsýsluþóknun til rekstraraðila er á ársgrundvelli 0,22% af meðalstöðu heildareigna sjóðsins (eru þá ekki dregnar skuldbindingar frá eignum sjóðsins) og skal sjóðurinn inna hana af hendi mánaðarlega. Heimilt er að fresta greiðslu þóknunar ef lausafjárstaða sjóðsins er ekki nægjanleg til þess að greiða þóknunina á hverjum tíma. Frestaðar og ógreiddar þóknunar sjóðsins skulu bera sömu vexti og útgefin skuldabréf sjóðsins.

Árleg þóknun vörsluaðila greiðist af þóknun rekstraraðila. Aðrar þóknanir sem falla til vegna reksturs og umsýslu sjóðsins s.s. kaup og sölu fjármálagerninga, greiðir sjóðurinn sjálfur.

3.5 Lagalegt umhverfi rekstraraðila

Kvika eignastýring hf. er fjármálastofnun sem starfar á grundvelli starfsleyfa frá Fjármálaeftirlitinu sem rekstrarfélag verðbréfasjóða samkvæmt heimild í lögum nr. 116/2021, um verðbréfasjóði og sem rekstraraðili sérhæfðra sjóða samkvæmt heimild í lögum nr. 45/2020, um rekstraraðila sérhæfðra sjóða.

Starfsleyfi félagsins tekur einnig til eignastýringar, fjárfestingarráðgjafar, vörslu og umsýslu hlutdeildarskírteina og hluta sjóða um sameiginlega fjárfestingu og móttöku og miðlunar fyrir mæla varðandi fjármálagerninga. Starfsleyfi félagsins samkvæmt lögum nr. 45/2020 tekur einnig til reksturs sérhæfðra sjóða, sbr. 1. og 2. mgr. 9. gr. laganna auk til eignastýringar, fjárfestingarráðgjafar, vörslu og umsýslu hlutdeildarskírteina eða sjóða um sameiginlega fjárfestingu og móttöku og miðlun fyrir mæla varðandi fjármálagerninga skv. 1-4. tölul. 3. mgr. 9. gr. laga nr. 45/2020. Allir hluthafar hafa jafnan atkvæðisrétt í samræmi við eignarhlut sinn. Í samræmi við lög nr. 87/1998, um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, þá er Kvika eignastýring undir opinberu eftirliti hjá Fjármálaeftirlitinu. Í IV. kafla laga nr. 45/2020 er kveðið á um aðskilnað reksturs og vörslu og óhæði. Rekstrarfélag má ekki vera vörslufyrirtæki, meirihluti stjórnarmanna rekstrarfélags verðbréfasjóða skal vera óháður móðurfélagi og vörslufyrirtæki, rekstrarfélög skulu vera óháð móðurfélagi og vörslufyrirtæki í störfum sínum og ætíð hafa hagsmuni eigenda hlutdeildarskírteina að leiðarljósi, svo og að stjórnarmaður í rekstrarfélagi megi ekki vera í stjórn eða lykilstarfsmaður móðurfélags eða vörslufyrirtækis.

3.6 Nánari upplýsingar

Nánari upplýsingar um fjárhag, reglur, stjórnarhætti og reglur rekstrarfélagsins má finna á vef rekstrarfélagsins: <https://www.kvikaegnistyring.is/um-kviku-egnistyringu/upplýsingar-og-reglur>³

³ Upplýsingar á vefsetri mynda ekki hluta þessarar lýsingar nema þær upplýsingar séu felldar inn í lýsinguna með tilvísun.

4 Upplýsingar um vörsluaðila

4.1 Almennt um vörsluaðila útgefanda

Samkvæmt 32. gr. laga nr. 45/2020 um rekstraraðila sérhæfðra sjóða skal rekstraraðili tryggja að fyrir sérhvern sérhæfðan sjóð sem hann rekur sé skipaður einn vörsluaðili. Samkvæmt 33. gr. laganna geta meðal annars lánastofnanir og verðbréfafyrirtæki hlotið viðurkenningu sem vörsluaðili. Vörsluaðili útgefanda er Kvika banki hf., kt. 540502-2930, Katrínartúni 2, 105 Reykjavík.

Skyldur vörsluaðila felast m.a. í því að vakta sjóðstreymi sjóðs, tryggja að allir fjármunir séu lagðir inn á reikninga sjóðsins, varðveita alla fjármálagerninga sjóðs og sannreyna eignarhald á öðrum eignum, tryggja aðgreiningu á varðveislu fjármálagerninga sjóðsins frá öðrum og að vörslureikningar séu í nafni sjóðsins svo að ávallt sé unnt að auðkenna að fjármálagerningar tilheyri sjóðnum. Jafnframt ber vörsluaðila að tryggja að sala, útgáfa, endurkaup, innlausn og ógilding hlutdeildarskírteina fari samkvæmt lögum og reglum sjóðs, tryggja að útreikningur á virði hlutdeildarskírteina sé framkvæmdur að lögum og reglum sjóðs, framfylgja fyrirmælum rekstraraðila nema þau séu í andstöðu við lög og reglur sjóðs, tryggja að í viðskiptum með eignir sjóðs sé endurgjald fyrir þær innt af hendi innan eðlilegra tímamarka og að tekjur sjóðs séu notaðar í samræmi við lög og reglur sjóðsins.

Vörsluaðili ber, lögum samkvæmt, ábyrgð gagnvart sjóðnum og fjárfestum hans á því þegar fjármálagerningur í vörslu hans glatast. Vörsluaðili ber jafnframt ábyrgð á öðru tjóni sem hann af ásetningi eða af gáleysi veldur sjóðnum eða fjárfestum hans við framfylgd verkefna sinna. Beri vörsluaðili bótaábyrgð gagnvart fjárfesti í sjóðnum getur bótakröfu fjárfestis verið beint að vörsluaðila af hálfu sjóðsins eða rekstraraðila fyrir hans hönd.

4.2 Hlutverk vörsluaðila

Kvika banki sem vörsluaðili Kvikú eignastýringar fer með, annast umsjá og varðveislu fjármálagerninga í eigu sjóða í rekstri Kvikú eignastýringar, sannreyna eignarhald sérhæfðs sjóðs eða rekstraraðila fyrir hönd sjóðsins á öðrum eignum sjóðsins og halda skrá yfir þær eignir og skal hlutverk Kvikú banka sem vörsluaðila vera í samræmi við lög nr. 45/2020, um rekstraraðila sérhæfðra sjóða.

Helstu skyldur vörsluaðila eru:

1. Tryggja að sala, útgáfa, endurkaup, innlausn og ógilding hlutdeildarskírteina sjóðsins fari samkvæmt lögum og reglum sjóðsins.
2. Vörsluaðili skuldbindur sig til að varðveita verðbréf og aðra fjármuni sem tilheyra sjóðnum á öruggan og tryggan hátt.
3. Tryggja að innlausnarvirði hlutdeildarskírteina sé reiknað í samræmi við lög og reglur sjóðsins.
4. Framfylgja fyrirmælum Kvikú eignastýringar hf. nema þau séu í andstöðu við lög og reglur, samþykktir félagsins eða aðrar reglur sem rekstraraðila ber að fylgja, s.s. fjárfestingarheimildum.
5. Tryggja að í viðskiptum með eignir sjóðsins sé endurgjald fyrir þær innt af hendi innan eðlilegra tímamarka.
6. Tryggja að tekjum sjóðsins sé ráðstafað í samræmi við lög, reglur hans og þá samninga sem sjóðurinn hefur gert.
7. Sjá um uppgjör viðskipta gagnvart verðbréfaskráningu, vörslubönkum og öðrum viðskiptabönkum.
8. Sjá um að stemma af eignir sjóðsins.
9. Sjá um allar fyrirtækjaaðgerðir sem snúa að sjóðnum, þ.e. innlendar og erlendar arðgreiðslur, afborganir, jafnanir og annan rétt sem skal skráður á eigendur. Skal tilkynna rekstraraðila um allar innlendar og erlendar fyrirtækjaaðgerðir.
10. Sjá um skattamál sem snúa að sjóðnum.
11. Sjá um innheimtu á fjármálagerningum í eigu sjóðsins nema rekstraraðili feli öðrum að sinna því hlutverki að hluta til eða í heild.

12. Sjá um að hafa eftirlit með öllum færslum inn og út úr sjóðnum.

13. Hafa eftirlit með útreikningi á nafn-og raunávöxtun sjóðsins og sjá um dreifingu þeirra upplýsinga til viðeigandi aðila.

Framangreind upptalning er ekki tæmandi talning á þeim skyldum sem vörsluaðili skal taka á sig gagnvart sjóðnum.

Samkvæmt 42. gr. laga nr. 45/2020, um rekstraraðila sérhæfðra sjóða, ber vörslufyrirtæki ábyrgð gagnvart rekstrarfélagi og eigendum hlutdeildarskírteina vegna tjóns sem þeir kunna að verða fyrir og rekja má til ásetnings eða gáleysis starfsmanna vörslufyrirtækis við framkvæmd verkefna þess samkvæmt lögunum.

5 Tilkynning til fjárfesta

Lýsing útgefanda dagsett 7. nóvember 2022, varðar umsókn útgefanda um töku skuldabréfaflokksins KFI 21 1 til viðskipta á skipulegum markaði Nasdaq Iceland.

Útgefandalýsing þessi er gerð í samræmi við lög nr. 14/2020, um lýsingu verðbréfa sem boðin eru í almennu útboði eða tekin til viðskipta á skipulegum markaði og reglugerð nr. 274/2020 um framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/980 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/1129, að því er varðar sniðmát, efni, athugun og staðfestingu lýsinga sem birta skal þegar verðbréf eru boðin í almennu útboði eða tekin til viðskipta á skipulegum markaði. Útgefandalýsing þessi fylgir ákvæðum um upplýsingagjöf í lýsingum skv. viðauka 6 í framseldri reglugerð (ESB) nr. 2019/980.

Lýsingin er útbúin af Kvikubanka og byggir á gögnum frá útgefanda. Lýsing útgefanda samanstendur af útgefandalýsingu þessari, verðbréfalýsingu auk samantektar, dags. 7. nóvember 2022. Aðgengi að lýsingunni verður tryggt í 10 ár eftir birtingu hennar á vefsetri útgefanda <https://www.kvikaeygnastyring.is/sjodastyring/fagfjartestasjodir/kvika-fjarskiptainnvidir-hs/>. Fjárfestar geta einnig óskað eftir eintaki af lýsingunni á prentuðu formi á skrifstofu útgefanda, Katrínartúni 2, 105 Reykjavík.

Lýsingin inniheldur þær upplýsingar sem eru nauðsynlegar fjárfestum til þess að þeir geti metið eignir og skuldir, fjárhagsstöðu, afkomu og framtíðarhorfur útgefanda sem og þau réttindi sem fylgja skuldabréfum í flokki KFI 21 1. Fjárfestum er bent á að fjárfesting í skuldabréfum felur í sér áhættu og áður en ákvörðun er tekin um fjárfestingu í skuldabréfunum ættu fjárfestar að fara yfir allar upplýsingar í lýsingunni. Fjárfestum er sér í lagi ráðlagt að kynna sér þá áhættu- og óvissuþætti sem geta haft veruleg áhrif á útgefanda og virði skuldabréfanna, sem lýst er í kafla 1. „Áhættuþættir“ í útgefandalýsingu þessari og kafla 1. „Áhættuþættir“ í verðbréfalýsingu útgefanda, dagsettri 7. nóvember 2022. Fjárfestum er bent á að gera sjálfstæðar kannanir á þeim þáttum sem sérstaklega geta átt við fjárfestingu þeirra í skuldabréfunum. Hver fjárfestir verður að byggja ákvörðun um fjárfestingu í skuldabréfunum á eigin athugunum og greiningu á þeim upplýsingum sem fram koma í lýsingunni. Fjárfestum er bent á að hægt er að leita ráðgjafar sérfræðinga, svo sem hjá bönkum, verðbréfafyrirtækjum og sparisjóðum, til aðstoðar við mat á skuldabréfunum sem fjárfestingakosti. Fjárfestum er einnig ráðlagt að kynna sér eigin réttarstöðu, þ.m.t. skattaleg atriði sem kunna að snerta fjárfestingu þeirra í skuldabréfunum og leita óháðrar ráðgjafar í því tilliti.

Fjárfestar verða sjálfir að taka ákvörðun um hvort fjárfesting í bréfunum sé góður kostur fyrir þá. Fjárfestum er einkum bent á að huga að eftirfarandi þáttum:

- i) Fjárfestar þurfa að búa yfir nægjanlegri þekkingu og reynslu til að meta virði skuldabréfanna og lausafjárstöðu útgefanda með fullnægjandi hætti. Fjárfestar verða að gera sér grein fyrir áhættunni sem fylgir fjárfestingum í skuldabréfunum og hafa kynnt sér rækilega innihald lýsingarinnar og eftir atvikum annars efnis um útgefanda.
- ii) Fjárfestar verða að vera færir um að meta með fullnægjandi hætti áhrif fjárfestingar í skuldabréfunum á eigin eigna- og fjárhagsstöðu. Fjárfestar verða að búa yfir nægilegri fjárfestingagetu og lausafé til að bera áhættuna sem fylgir kaupum á skuldabréfunum.
- iii) Fjárfestar verða að kynna sér og skilja skilmála skuldabréfanna og vera kunnugir eðli fjármagnsmarkaða. Fjárfestar verða að vera færir um að meta, ýmist sjálfir eða með hjálp ráðgjafa, hvaða áhrif sveiflur í rekstri útgefanda, breytingar á vaxtastigi eða aðrir sambærilegir þættir geta haft á fjárfestingar í skuldabréfunum.
- iv) Fjárfestum er ráðlagt að skoða lagalega stöðu sína og þau skattalegu áhrif sem kaup á skuldabréfum útgefnum af útgefanda kunna að hafa og leita óháðrar ráðgjafar í því tilliti.

Útgefandalýsingunni eða öðrum skjölum sem tilheyrja lýsingu útgefanda, dagsettri 7. nóvember 2022, skal ekki dreifa, senda eða miðla á annan hátt til landa eða í þeim löndum þar sem birting krefst frekari

skráningaraðgerða eða annarra aðgerða en þeirra sem íslensk lög og reglugerðir krefjast eða þar sem slík dreifing greinir á við lög eða reglur viðkomandi landa. Útgefandalýsingu þessa eða önnur skjöl sem eru hluti af útgefandalýsingunni skal þannig meðal annars hvorki senda í pósti né dreifa á einn eða annan hátt til eða innan Bandaríkjanna, Ástralíu, Kanada eða Japans. Hvorki Kvikubanka sem umsjónaraðila eða útgefandi eru skaðabótaskyldir vegna dreifingar á lýsingunni til þriðja aðila.

5.1 Skjöl til sýnis

Lýsing útgefanda dagsett 7. nóvember 2022 samanstendur af útgefandalýsingu þessari, verðbréfalýsingu auk samantektar dags. 7. nóvember 2022. Upplýsingar í lýsingunni byggja á aðstæðum og staðreyndum á þeim degi sem lýsingin er undirrituð.

Eftirfarandi skjöl eru til sýnis á vefsíðu útgefanda á meðan lýsingin er í gildi: <https://www.kvikaeygnastyring.is/sjodastyring/fagfjarfestasjodir/kvika-fjarskiptainnvidir-hs/>

- Reglur Kvikubanka fjarskiptainnviða, samþykktar 26.5.2021
- Endurskoðaður ársreikningur útgefanda fyrir fjárhagsárið 2021
- Kannaður árs hlutareikningur útgefanda 30.06.2022
- Verðbréfalýsing dagsett 7.11.2022

Aðgengi að lýsingunni verður tryggt í 10 ár eftir birtingu hennar á vefsetri útgefanda á vefslóðinni: <https://www.kvikaeygnastyring.is/sjodastyring/fagfjarfestasjodir/kvika-fjarskiptainnvidir-hs/>. Fjárfestar geta auk þess óskað eftir lýsingunni á prentuðu formi, sér að kostnaðarlausu á skrifstofu útgefanda, Katrínartúni 2, 105 Reykjavík.

5.2 Skjöl felld inn með tilvísun

Ársreikningur Kvikubanka Fjarskiptainnviða hs., fyrir fjárhagsárið 2021 og árs hlutareikningur útgefanda 30.6.2022 er felldur inn í lýsinguna með tilvísun og myndar við það órjúfanlegan hluta af henni. Fjárhagsárið 2021 er fyrsta árið sem sjóðurinn er starfandi.

- Endurskoðaður ársreikningur Kvikubanka - Fjarskiptainnviða hs. árið 2021, vefslóð: <https://www.kvikaeygnastyring.is/asset/4190/kvika-fjarskiptainnvidir-arsreikningur-2021.pdf>
- Kannaður árs hlutareikningur Kvikubanka - Fjarskiptainnviða hs. 30.6.2022, vefslóð: <https://www.kvikaeygnastyring.is/asset/4191/kvika-fjarskiptainnvidir-arshlutareikningur-30.06.22.pdf>

5.3 Upplýsingar frá þriðja aðila

Upplýsingar í útgefandalýsingu þessari byggja m.a. á gögnum sem útgefandi hefur aflað sér frá þriðja aðila. Þar er um að ræða upplýsingar frá rekstraraðila. Útgefandi staðfestir, að svo miklu leyti sem honum er kunnugt um, að þær upplýsingar sem það styðst við frá fyrrgreindum aðilum eru rétt eftir hafðar og að engum staðreyndum er sleppt sem gerir upplýsingarnar ónákvæmar eða villandi.

5.4 Umsjónaraðili útgáfunnar og töku skuldabréfanna til viðskipta

Fyrirtækjaráðgjöf Kvikubanka hf., kt. 540502-2930, Katrínartúni 2, 105 Reykjavík, er umsjónaraðili með töku skuldabréfa í flokki KFI 21 1 til viðskipta á Aðalmarkaði Nasdaq Iceland. Fyrirtækjaráðgjöf Kvikubanka hf. var umsjónaraðili með sölu skuldabréfanna og töku skuldabréfanna til viðskipta.

Fyrirtækjaráðgjöf Kvikubanka hf. hefur jafnframt verið með umsjón við gerð lýsingar útgefanda dagsett 7. nóvember 2022, vegna töku skuldabréfaflokksins til viðskipta á Aðalmarkað Nasdaq Iceland. Lýsingarnar eru byggðar á upplýsingum frá útgefanda og rekstraraðila.

Kvikubanki þiggur þóknun fyrir vinnu sína að þessum verkefnum.

5.5 Hugsanlegir hagsmunaárekstrar

Athygli fjárfesta er vakin á hagsmunum útgefanda, Kvikú eignastýringar hs. og Kvikú banka hf. vegna töku skuldabréfa Kvikú Fjárskiptainnviða til viðskipta á Aðalmarkaði Nasdaq Iceland.

- Kvikú banki hf. er eigandi Kvikú eignastýringar hf., rekstraraðila sérhæfða sjóðsins Kvikú – Fjárskiptainnviðir hs., sem er útgefandi skuldabréfaflokksins sem lýsing þessi fjallar um. Kvikú eignastýring er eini eigandi hlutdeildarskírteina útgefanda. Sjóðstjóri útgefanda er jafnframt starfsmaður Kvikú eignastýringar. Þá útvistar Kvikú eignastýring regluvörslu og innri endurskoðun til Kvikú banka hf.
- Kvikú banki annast greiðslur útgefandans til skuldabréfaeigenda skv. skilmálum skuldabréfanna sem lýsing þessi tekur til.
- Kvikú banki hf. er vörsluaðili útgefandans sbr. IV. kafla laga nr. 45/2020, um rekstraraðila sérhæfðra sjóða og annast jafnframt frekari verkefni samkvæmt útvistunarsamningi.
- Kvikú banki hf. er viðskiptabanki útgefanda.
- Kvikú eignastýring sem rekstraraðili sjóðsins hlýtur umsýsluþóknun fyrir rekstur sjóðsins, 0,22% á ársgrundvelli af meðalstöðu heildareigna sjóðsins. Umsýsluþóknunin er greidd mánaðarlega.
- Sjóðurinn Kvikú – Innlend skuldabréf sem er í rekstri Kvikú eignastýringar, fjárfestir í skuldabréfinu sem lýsing þessi tekur til sem og Kvikú banki móðurfélag Kvikú eignastýringar.
- Í tengslum við töku skuldabréfanna til viðskipta á Aðalmarkaði Nasdaq Iceland hefur fyrirtækjaráðgjöf Kvikú banka hf. verið útgefanda til ráðgjafar við gerð lýsingarinnar ásamt því að hafa umsjón með töku skuldabréfanna til viðskipta á Aðalmarkaði Nasdaq Iceland.

Reglur Kvikú eignastýringar um hagsmunaárekstra er að finna á vefslóðinni:

https://www.kvikaegnastyring.is/asset/3284/2020_12_17_reglur-um-radstafanir-gegn-hagsmunaarekstrum.pdf

Fjárfestum er bent á að kynna sér alla þá hagsmunaárekstra sem nefndir eru í útgefandalýsingu þessari vel og leita sér óháðrar ráðgjafar um það álitafni eins og við á.

5.6 Endurskoðendur útgefanda, rekstraraðila og vörsluaðila

Endurskoðendur útgefanda á því tímabili sem sögulegar fjárhagsupplýsingar taka til í lýsingu þessari var Deloitte ehf., kt. 521098-2449, Smáratorgi 3, 201 Kópavogi (hér eftir „Deloitte“) og fyrir þeirra hönd Pálína Árnadóttir og Guðmundur Ingólfsson, löggiltir endurskoðendur og meðlimir í Félagi löggiltra endurskoðenda.

Deloitte hefur starfað á því tímabili sem sögulegar fjárhagsupplýsingar í lýsingunni taka til. Þá hefur Deloitte ekki hafnað að veita áritun árs- eða árshlutareikninga útgefanda eða rekstraraðila hans á því tímabili sem sögulegar fjárhagslegar upplýsingar í lýsingunni taka til.

Deloitte hefur verið endurskoðandi útgefanda frá stofnun hans árið 2021. Deloitte hf. hefur einnig verið endurskoðandi Kvikú eignastýringar hf. og Kvikú banka hf. á því tímabili sem sögulegar fjárhagsupplýsingar taka til í lýsingu þessari.

5.7 Staðfesting af hálfu Fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands

Útgefandalýsing þessi hefur verið staðfest af Fjármálaeftirliti Seðlabanka Íslands, kt. 560269-4129, Kalkofnsvegi 1, 101 Reykjavík, sem er lögbært yfirvald samkvæmt lögum um lýsingu verðbréfa sem boðin eru á almennu útboði eða tekin til viðskipta á skipulegum markaði nr. 14/2020 og reglugerð (ESB) 2017/1129. Fjármálaeftirlitið staðfestir aðeins útgefandalýsingu þessa í þeim skilningi að hún uppfyllir kröfur um að vera fullnægjandi, skiljanleg og samkvæm sem kveðið er á um í reglugerð (ESB) 2017/1129. Ekki ber að líta á slíka staðfestingu sem stuðning við útgefandann.

5.8 Yfirlýsing ábyrgðaraðila útgefandalýsingar fyrir hönd útgefanda

Stjórnarformaður Kvikú eignastýringar hf, kt. 520506-1010, Katrínartúni 2, 105 Reykjavík, og framkvæmdastjóri Kvikú eignastýringar, lýsa því hér yfir fyrir hönd Kvikú Fjarskiptainnviða hs., að samkvæmt þeirra bestu vitund eru upplýsingarnar, sem útgefandalýsingin hefur að geyma, í samræmi við staðreyndir og að engum upplýsingum sé sleppt sem gætu haft áhrif á áreiðanleika hennar.

Reykjavík, 7. nóvember 2022

DocuSigned by:
Hrönn Sveinsdóttir
DA6A23175B76487...

F.h. Kvikú eignastýringar hf.

Hrönn Sveinsdóttir
stjórnarformaður Kvikú eignastýringar hf.

DocuSigned by:
Hannes Frímann Hrólffson
BB8F90B9E883428

Hannes Frímann Hrólffson
framkvæmdastjóri Kvikú eignastýringar hf.